

AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU NÍU MÁNUÐUM ÁRSINS 2016

Hagnaður Arion banka á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 nam 17,3 milljörðum króna samanborið við 25,4 milljarða króna á sama tímabili 2015. Arðsemi eigin fjár var 11,2% samanborið við 19,8% fyrir sama tímabil árið 2015. Reiknaður hagnaður af reglulegri starfsemi nam 5,7 milljörðum króna samanborið við 11,5 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 3,7% samanborið við 9,5% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015.

Heildareignir námu 1.038,5 milljörðum króna í lok september samanborið við 1.011,0 milljarða króna í árslok 2015 og eigið fé hluthafa bankans nam 206,9 milljörðum króna í lok september, samanborið við 192,8 milljarða króna í árslok 2015. Efnahagur bankans er sterkur og lögð hefur verið áhersla á tryggja lausafjárstöðu í aðdraganda afnáms fjármagnshafta.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok september var 26,1% en var 24,2% í árslok 2015. Hlutfall eiginfjárbáttar A hækkaði og nam 25,5% samanborið við 23,4% í árslok 2015.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	9 mán. '16	9 mán. '15	3F 2016	3F 2015
Hreinar vaxtatekjur	22.058	20.287	7.432	7.112
Hreinar þóknatekjur	10.213	10.726	3.466	3.292
Hreinar fjármunatekjur	4.339	10.176	844	453
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga	710	6.956	16	2.739
Aðrar rekstrartekjur	2.642	2.232	781	709
Rekstrartekjur	39.962	50.377	12.539	14.305
Laun og launatengd gjöld	(12.252)	(10.320)	(3.826)	(3.153)
Annar rekstrarkostnaður	(10.393)	(9.016)	(3.425)	(3.012)
Bankaskattur	(2.190)	(2.168)	(705)	(779)
Hrein virðisbreyting	6.827	(114)	5.882	(33)
Hagnaður fyrir skatta	21.954	28.759	10.467	7.328
Tekjuskattur	(5.261)	(3.639)	(3.170)	(1.272)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	569	277	206	15
Hagnaður tímabilsins	17.262	25.397	7.503	6.071
Helstu kennitölur				
Arðsemi eigin fjár	11,2%	19,8%	14,4%	14,2%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,1%	3,0%	3,1%	3,1%
Kostnaðarhlutfall	56,7%	38,4%	57,8%	43,1%
Tier 1 hlutfall	25,5%	22,2%	25,5%	22,2%



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA:

„Afkoman á fyrstu níu mánuðum ársins er viðunandi. Grunnrekstur bankans hefur verið aðeins undir væntingum enda hafa ytri aðstæður sumpart verið óhagstæðar. Þróun á hlutabréfamarkaði á tímabilinu hefur neikvæð áhrif, en bankinn er enn með stöður í skráðum félögum. Grunnrekstur bankans er engu að síður traustur og eiginfjárstaða bankans heldur áfram að styrkjast. Alþjóðlega lánshæfismats fyrirtækið Standard & Poor's horfði til sterkrar eiginfjárstöðu bankans, bættis aðgengis að erlendum lánsfjármörkuðum sem og sterkrar stöðu íslensks efnahagslífs þegar fyrirtækið hækkaði nýlega lánshæfismat Arion banka í BBB/A-2 með jákvæðum horfum. Vaxtaálag á erlendum útgáfum bankans á eftirmarkaði hefur lækkað mikið sem ber vott um þá eftirspurn sem er til staðar á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum eftir skuldabréfum bankans.

Í lok september gengu kaup Arion banka á tryggingafélaginu Verði í gegn og bætast þar með skaðatryggingar í vöruframboð bankans, en líftryggingar hafa verið hluti af vöruframboðinu um árabil. Vörður hefur þar með bæst í hóp dótturfélaga Arion banka og mun starfa náið með bankanum þegar kemur að sölu trygginga. Viðskiptavinir beggja munu njóta góðs af.“

FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 17. nóvember, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á ir@arionbanki.is og fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar varðandi þátttöku á símafundinum.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



REKSTRARREIKNINGUR

Í milljónum króna	9 mán. '16	9 mán. '15	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	22.058	20.287	1.771	9%
Hreinar þóknatekjur	10.213	10.726	(513)	(5%)
Hreinar fjármunatekjur	4.339	10.176	(5.837)	(57%)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага	710	6.956	(6.246)	(90%)
Aðrar rekstrartekjur	2.642	2.232	410	18%
Rekstrartekjur	39.962	50.377	(10.415)	-21%
Laun og launatengd gjöld	(12.252)	(10.320)	(1.932)	19%
Annar rekstrarkostnaður	(10.393)	(9.016)	(1.377)	15%
Bankaskattur	(2.190)	(2.168)	(22)	1%
Hrein virðisbreyting	6.827	(114)	6.941	-
Hagnaður fyrir skatta	21.954	28.759	(6.805)	-24%
Tekjuskattur	(5.261)	(3.639)	(1.622)	45%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	16.693	25.120	(8.427)	-34%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	569	277	292	105%
Hagnaður tímabilsins	17.262	25.397	(8.135)	-32%

Rekstrartekjur námu 40,0 milljörðum króna, samanborið við 50,4 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Megin breytingin á milli ára er vegna hreinna fjármunatekna og hlutdeildar í afkomu hlutdeildarféлага en mikill hagnaður var vegna virðisbreytinga og söluhagnaðar eignarhluta á árinu 2015 í tengslum við skráningu og sölu fyrirtækja.

Hreinar vaxtatekjur hækka um 9% milli ára og vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 3,1% á fyrstu níu mánuðum ársins 2016, samanborið við 3,0% á sama tímabili 2015. Aukinn vaxtamunur skýrist einkum af meiri vaxtaberandi eignum, þ.e. auknum útlánnum og lausafé í stað eignarhluta í félögum.

Hreinar þóknatekjur lækka um 5% milli ára, en lækkunin er einkum tilkomin vegna óvenju mikilla umsvifa á árinu 2015 á fjárfestingarbankasviði í tengslum við skráningar fyrirtækja í kauphöll. Um 80% af hreinum þóknatekjum eru frá fyrirtækjum. Valitor eykur mjög umsvif sín á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Fyrirtækið er í örum vexti en jákvæð áhrif á hreinar þóknatekjur koma ekki fram fyrr en á næstu misserum eins og jafnan er hjá vaxtarfyrirtækjum. Viðskiptabankasvið skilar auknum þóknatekjum, samanborið við fyrri ár, m.a. vegna útibús bankans sem opnað var fyrr á árinu á Keflavíkurflugvelli.

Hreinar fjármunatekjur námu 4.339 milljónum króna, samanborið við 10.176 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Hagnaður af sölu eignarhlutar Valitor í Visa Europe Ltd. til Visa Inc. nam 5.291 milljón króna á öðrum ársfjórðungi ársins 2016. Afkoma annarrar verðbréfaeignar var með ágætum á þriðja ársfjórðungi sem kemur að talsverðum hluta á móti neikvæðri afkomu, einkum af hlutabréfum, á fyrri helmingi ársins vegna óhagstæðra markaðsaðstæðna. Styrking krónunnar skilar sér í neikvæðum myntgengismun að fjárhæð 829 milljónir króna á fyrstu níu mánuðunum.

Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага var 710 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins í samanburði við 6.956 milljónir króna á sama tímabili 2015. Matsbreytingar og sala eignarhluta í tengslum við skráningu féлага á árinu 2015 hafði mikil áhrif á fyrstu níu mánuðum þess árs en í ár er það söluhagnaður bankans af eignarhlut sínum í Bakkavor Group Ltd. á fyrsta ársfjórðungi sem vegur þyngst.

Aðrar rekstrartekjur hækka um 410 milljónir króna frá sama tímabili 2015 og nema 2.642 milljónum króna fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2016. Hækkunina má einkum rekja til hagnaðar af sölu eigna á tímabilinu.

Rekstrarkostnaður nam samtals 22.645 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 samanborið við 19.336 milljón króna á sama tímabili 2015. Kostnaðarhlutfall var 56,7% samanborið við 38,4% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Þessi mikla hækkun kostnaðarhlutfalls skýrist að nokkru af háum tekjum af virðisbreytingum hlutabréfa og hagnaði af eignasölu á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,9%, samanborið við 2,6% fyrstu níu mánuði ársins 2015.

Laun og launatengd gjöld námu 12.252 milljónum króna á tímabilinu og hækkuðu um 19% frá fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Þessar hækkunir má einkum skýra með áhrifum af nýjum kjarasamningum og fjölgun starfsmanna en einnig var nokkur kostnaður í tengslum við uppsagnir starfsfólks í 46 stöðugildum í lok þriðja ársfjórðungs 2016. Sé hækkun meðallauna reiknuð milli tímabila nemur hún 15,5% en launavísitala hækkar um



11,9% á sama tíma. Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.189 í lok september sem er aukning um 38 stöðugildi frá sama tíma á árinu 2015. Skýrist fjölgunin fyrst og fremst af fjárfestingum í nýjum sóknarfærum hér á landi og erlendis. Þar hafa aukin umsvif Valitor erlendis og opnun nýs útibús bankans á Keflavíkurlflugvelli mest áhrif.

Hrein virðisbreyting var jákvæð sem nemur 6.827 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2016. Hrein jákvæð virðisbreyting er einkum tilkomin vegna endurmats keyþra íbúðalána.

Tekjuskattur nam 5.261 milljón króna samanborið við 3.639 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 24,0% á tímabilinu samanborið við 12,7% á sama tímabili árið 2015. Lágt tekjuskattshlutfall 2015 skýrist einkum af óskattskyldum tekjum sem tilkomnar voru vegna hagnaðar og virðisbreytinga af hlutabréfaeign, sem ekki eru skattskyldar hjá fyrirtækjum. Heildar skattar eru sem fyrr hærrí en hjá öðrum fyrirtækjum sem starfa í íslensku efnahagsumhverfi. Skattar sem bankinn greiðir sérstaklega sem fjármálafyrirtæki eru samtals 3,9 ma.kr.

Reiknuð afkoma af reglulegri starfsemi Arion banka er nokkru lakari á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 samanborið við sama tímabil 2015. Hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknatekjur eru fremur stöðugar en meiri sveiflur eru í tekjum af hlutabréfa- og skuldabréfaeign. Kostnaðarhækkningar hafa verið nokkuð miklar milli ára og má einkum rekja það til nýrra kjarasamninga sem innihéldu umtalsverðar hækkningar. Þegar horft er til reiknaðrar afkomu af reglulegri starfsemi leiðréttir Arion banki afkomu sína fyrir söluhagnaði og virðisbreytingum af yfirteknum hlutabréfastöðum, áhrifum dótturfélaga sem eru í óskyldum rekstri, einskiptiskostnaði tengdum uppsögnum og aðkeyþri sérfræðipjónustu og virðisbreytingum útlána. Að teknu tilliti til ofangreinds lækkar afkoma fyrstu níu mánaða ársins um samtals 11.559 milljónir króna, niður í 5.703 milljónir króna. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 3,7% samanborið við 9,5% á sama tímabili 2015. Kostnaðarhlutfall af reglulegri starfsemi nam 60,9% á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 en var 49,1% á sama tímabili 2015.

Þriðji ársfjórðungur 2016

Afkoma þriðja ársfjórðungs 2016 var góð. Arðsemi eigin fjár var 14,4% samanborið við 14,2% arðsemi á þriðja ársfjórðungi 2015.

<i>Í milljónum króna</i>	3F 2016	3F 2015	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	7.432	7.112	320	4%
Hreinar þóknatekjur	3.466	3.293	173	5%
Hreinar fjármunatekjur	844	452	392	87%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	16	2.739	(2.723)	(99%)
Aðrar rekstrartekjur	781	709	72	10%
Rekstrartekjur	12.539	14.305	(1.766)	-12%
Laun og launatengd gjöld	(3.826)	(3.152)	(674)	21%
Annar rekstrarkostnaður	(3.423)	(3.011)	(412)	14%
Bankaskattur	(705)	(779)	74	(9%)
Hrein virðisbreyting	5.882	(32)	5.914	-18481%
Hagnaður fyrir skatta	10.467	7.331	3.136	43%
Tekjuskattur	(3.170)	(1.272)	(1.898)	149%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	7.297	6.059	1.238	20%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	206	15	191	1273%
Hagnaður tímabilsins	7.503	6.074	1.429	24%

Rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi lækkuðu um 12% milli ára, sem skýrist einkum af hagnaði bankans af virðisbreytingu á Símanum hf. á þriðja ársfjórðungi 2015 í aðdraganda skráningar félagsins á markað. Hreinar vaxtatekjur hækka lítilla á milli ára sem og hreinar þóknatekjur. Hreinar fjármunatekjur námu 844 milljónum króna en almennt var ávöxtun verðbréfa með ágætum á tímabilinu. Gengismunur var neikvæður á tímabilinu sem nemur 143 milljónum króna.

Rekstrarkostnaður hækkar umtalsvert samanborið við fyrra ár m.a. vegna hærri launakostnaðar í kjölfar samningsbundinna launahækkana og hærri kostnaðar vegna upplýsingatækni og aðkeyþtrar sérfræðipjónustu.



Hrein virðisbreyting er jákvæð um 5.882 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi en hún er að mestu tilkomin vegna endur mats á keyptum íbúðalánum bankans.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir samstæðu Arion banka aukast lítillega frá áramótum eða um 3%. Helstu breytingar má rekja til aukningar innstæðna hjá Seðlabanka og aukningar útlána en á móti lækka lán til lánastofnana, eignarhlutir í hlutdeildarfélögum sem og verðbréfaeign.

<i>Í milljónum króna</i>	30.09.2016	31.12.2015	Breyt.	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	85.645	48.102	37.543	78%
Lán til lánastofnana	68.257	87.491	(19.234)	(22%)
Lán til viðskiptavina	715.907	680.350	35.556	5%
Verðbréfaeign	128.357	133.191	(4.834)	(4%)
Fjárfestingareignir	5.113	7.542	(2.428)	(32%)
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	869	27.299	(26.431)	(97%)
Óefnislegar eignir	11.077	9.285	1.792	19%
Aðrar eignir	23.255	17.783	5.471	31%
Eignir samtals	1.038.478	1.011.043	27.436	3%

Lán til viðskiptavina námu 715.907 milljónum króna í lok september og hækka um tæp 5% frá áramótum. Lán til fyrirtækja hafa aukist um rúm 7% á tímabilinu, eða um 26 milljarða króna. Þessi nýju lán eru einkum til félaga í fasteignaviðskiptum, iðnaði, orkuvinnslu og verksmiðjuframleiðslu og í heildsölu og smásölu. Íbúðalán til einstaklinga aukast um 5% frá áramótum. Gæði útlánasafns bankans halda áfram að aukast. Hlutfall vandræðalána bankans lækkar úr 2,5% í árslok 2015 í 2,0% í lok þriðja ársfjórðungs 2016 en vandræðalán eru skilgreind sem bókfært virði lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu. Þegar horft er til hlutfalls lána bankans sem hafa verið niðurfærð var það hlutfall 3,6% í lok september 2016 og hafði lækkað úr 4,7% í árslok 2015.

Verðbréfaeign nam 128.357 milljónum króna í lok september, samanborið við 133.191 milljón króna í árslok 2015. Verðbréfaeign lækkar bæði vegna sölu eigna, m.a. sölu á eignarhluta í Visa Europe Ltd., sem og lækkunar bréfa á mörkuðum. Þannig lækkar verðbréfaeign bankans þrátt fyrir kaup á dótturfélaginu Verði tryggingum hf., en verðbréf í eigu Varðar sem bætast við verðbréfaeign bankans á lokadegi fjórðungsins nema 4,3 milljörðum króna.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum lækka verulega frá áramótum sem að mestu má rekja til sölunnar á eignarhlut í Bakkavor Group Ltd. í janúar 2016.

Skuldir samstæðu Arion banka hækka nokkuð frá áramótum og er það einkum ný lántaka sem skýrir þá hækkun. **Eigið fé** hækkar vegna afkomu tímabilsins. **Minnihluti** lækkar vegna lækkunar á hlutafé og arðgreiðslu dótturfélagsins BG12 ehf. og vegna sölu á stórum hluta eignarhlutar bankans í dótturfélaginu Kolufelli ehf. í ágúst.

<i>Í milljónum króna</i>	30.09.2016	31.12.2015	Breyt.	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	9.375	11.387	(2.012)	(18%)
Innlán frá viðskiptavinum	431.929	469.347	(37.418)	(8%)
Fjárskuldir á gangvirði	5.097	7.609	(2.512)	(33%)
Aðrar skuldir	58.319	54.383	3.936	7%
Lántaka	326.754	256.058	70.696	28%
Víkjandi skuldir	-	10.365	(10.365)	(100%)
Eigið fé hluthafa	206.940	192.786	14.154	7%
Minnihluti	66	9.108	(9.042)	(99%)
Skuldir og eigið fé samtals	1.038.480	1.011.043	27.436	3%

Lántaka bankans nam 326.754 milljónum króna í lok september. Í janúar gekk Arion banki hf. frá samningum við Kaupþing ehf. um útgáfu Arion banka á skuldabréfi að fjárhæð 747,8 milljónir Bandaríkjadala eða um 97 milljarðar króna. Skuldabréfið var gefið út innan EMTN-fjármögnunarramma bankans og er til sjö ára, en er uppgreiðanlegt á vaxtagjalddögum fyrstu tvö árin. Skuldabréfið ber fljótandi LIBOR vexti að viðbættu 2,6% álagi fyrstu tvö árin



og mun vaxtaálagið að þeim tíma liðnum taka mið af markaðskjörum. Skuldabréfið kom til skuldajöfnunar á láni í erlendum myntum, sem Arion banki var áður með hjá Seðlabanka Íslands en var komið í eigu Kaupþings, og innlána Kaupþings hjá Arion banka í erlendum myntum og skýrir að mestu lækkun innlána frá síðustu áramótum. Útgáfa skuldabréfsins var liður í aðgerðum sem snúa að Kaupþingi og miða að afnámi fjármagnshafta og tilkynnt var um af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu 8. júní 2015. Í apríl gaf bankinn út 300 milljónir Evra til 3 ára undir EMTN ramma bankans. Bréfin voru gefin út með 2,7% álagi á millibankavexti. Bankinn hefur haldið áfram útgáfu á sértryggðum skuldabréfum til að fjármagna ný íbúðalán og gaf út slík bréf fyrir 20,4 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins.

Eigið fé hluthafa bankans nam 206.940 milljónum króna í lok september 2016 samanborið við 192.786 milljónir króna í lok árs 2015. Hækkunin skýrist af afkomu tímabilsins. Hlutfall eiginfjárþáttar A hjá bankanum nam 25,5% í lok september 2016 samanborið við 23,4% í árslok 2015. Samkvæmt reglum FME um útreikninga eiginfjárlutfalls er ekki heimilt að taka tillit til afkomu nema að uppgjör séu árituð af endurskoðanda. Eiginfjárlutfall samkvæmt reglum FME var 24,0% í lok september samanborið við 24,2% í lok árs 2015.

KENNITÖLUR

	9 mán. '16	2015	9 mán. '15
Arðsemi eigin fjár	11,2%	28,1%	19,8%
Arðsemi eigna	2,2%	5,0%	3,5%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,1%	3,0%	3,0%
Vaxtamunur á heildareignir	2,9%	2,7%	2,8%
Kostnaðarhlutfall	56,7%	32,6%	38,4%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,9%	2,9%	2,6%
Virkur tekjuskattur	24,0%	6,0%	12,7%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	26,1%	24,2%	23,5%
Tier 1 hlutfall	25,5%	23,4%	22,2%
Vandræðalán	2,0%	2,5%	3,2%
Heildar niðurfærð lán / Heildar lán	3,6%	4,7%	4,4%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	73,2%	79,9%	73,3%
Útlán sem hlutfall af innlánum	165,7%	145,0%	134,9%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.186	1.139	1.131
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.189	1.147	1.151
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	894	885	849
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	887	876	850

FJÁRHAGSDAGATAL 2016 OG 2017

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Ársuppgjör 2016	13. febrúar 2017
Aðalfundur 2017	16. mars 2017
Árshlutauppgjör 1F 2017	16. maí 2017
Árshlutauppgjör 2F 2017	30. ágúst 2017
Árshlutauppgjör 3F 2017	15. nóvember 2017

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.